



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur við göngu- og hjólastíg milli Hofsvallagötu og Kaplaskjólsvogar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. október 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að gerðar verði úrbætur við sinn hvorn enda göngustígs sem liggur milli Hofsvallagötu og Kaplaskjólsvogar, meðfram leikskólanum Ægisborg. Um er að ræða fjölfarinn stíg barna í Vesturbæ sem ferðast gangandi eða hjólandi til skóla, íþróttar og tómstunda. Tryggt verði að hlið við Kaplaskjólsvog hægi á vegfarendum sem leið eiga eftir göngustígnum og yfir Kaplaskjólsveginn, en jafnframt að komið verði fyrir betri varúðarmerkingum fyrir ökumenn sem aka yfir gangbrautina. Nýleg dæmi sýna töluverða slyshættu á svæðinu þar sem gangandi/hjólandi umferð mætir þeirri akandi.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 25. október 2023

Umsögn:

Á hverju ári er farið í margvíslegar aðgerðir með því markmiði að bæta umferðaröryggi í borginni. Staðan er þannig að það eru margir staðir í borginni þar sem aðgerða er þörf og því þarf að forgangsraða umferðaröryggisaðgerðum með tilliti til ýmissa þátta. Í samræmi við umferðaröryggisáætlun borgarinnar er sérstök áhersla á að börn slasist ekki alvarlega eða látist í umferðinni. Hámarkshraði á Kaplaskjólsvogi er 30 km/klst. Þar sem stígurinn mætir Kaplaskjólsvogi er þegar upphækkun og gangbraut. Lagt er til að þessari staðsetningu verði bætt við vástadagrunn borgarinnar á sama hátt og aðrir vástadagrunnir í borginni.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri